

Ed.

82. Frumvarp til laga

[48. mál]

um hitaveitur utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum að stofnsetja og starfrækja hitaveitur, sem hafa einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um umdæmi sitt, þar sem sveitarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar.

Sveitarstjórn semur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, og skal hún staðfest af félagsmálaráðherra.

2. gr.

Einkaréttur sveitarstjórna skv. 1. gr. nær ekki til hitaveitna, sem einstaklingar koma sér upp og nota innan takmarka húseigna sinna og jarðeigna eingöngu til eigin þarfa. Þó þarf til þess leyfi sveitarstjórnar í þeim sveitarfélögum, þar sem sveitarstjórn hefur áður stofnsett hitaveitu.

3. gr.

Einkarétt þann, sem um ræðir í 1. og 2. gr., getur sveitarstjórn, með samþykki ráðherra, veitt einstökum mönnum eða félögum. Slíkt leyfi skal veitt til ákveðins tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til. Þegar leyfistíma lýkur, á sveitarstjórn rétt á að fá hitaveituna afhenta fyrir það verð, sem ákveðið er með mati, ef ekki næst samkomulag. Mat þetta skal framkvæmt af tveim dómkvöddum matsmönnum. Rétt er matsmönnum að kveðja sérfróðan mann sér til aðstoðar, ef þurfa þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

4. gr.

Nú hefur einstakur maður eða félag fengið leyfi til að stofnsetja og starfrækja hitaveitu til almenningsþarfa, og skal þá ákveða gjald á heitu vatni í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Gjaldskrá skal endurskoða á árs fresti, ef annaðhvort leyfishafi eða sveitarstjórn óskar þess, og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Nú vill sveitarstjórn fá handa umdæmi sínu hitaveitu, er einstakir menn eða félög eiga, sbr. 3. gr., og má þá, ef $\frac{1}{4}$ hlutar leyfistímans eru liðnir og samkomulag næst ekki, taka hana eignarnámi, gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsmönnum, er til þess skulu kvaddir skv. 3. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar hitaveitunnar, nema eigendur samþykki, að aðeins nokkur hluti hennar sé tekinn.

6. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði eða komið upp hitaveitu eða hitaaflostöð á annan hátt, getur hún bannað, að hús innan lögsagnarumdæmisins, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

Vatnshitunarkerfi, sem sett verða í hús eða fyrir eru, skulu þannig gerð eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

7. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem sveitarstjórn setur, en félagsmálaráðherra staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Sveitarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk vaxta, með jöfnum afborgunum á tilteknum árafjölda, enda hefur sveitarstjórn veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

8. gr.

Sveitarstjórn hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í umdæminu.

9. gr.

Hitaveita sveitarfélags selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annarra nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarstjórn semur, en félagsmálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til umdæmisins og um það, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

11. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem sveitarstjórn tekur á sig með samþykki ráðherra í því skyni, að lögð verði hitaveita til umdæmisins, sem og til tryggingar lán-

um, sem sveitarstjórn kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda, eða til starfrækslu hitaveitunnar, getur sveitarstjórn sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. einkaréttinda samkvæmt 1. gr., svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til umdæmisins, vatnsgeymar, allar leiðslur um umdæmið, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgezlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í viðkomandi umdæmi, án tillits til hvar hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni sveitarstjórn skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og starfrækja það fyrir eigin reikning eða fá öðrum starfrækslu þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem sveitarstjórn hafði í sambandi við starfrækslu þess, þar til hann hefur fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kys það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Ef svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni né hún tekin í hendur veðhafa til starfrækslu, fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir starfrækt það með sama rétti og sveitarstjórn hafði, og getur hvorki sveitarstjórnin né önnur stjórnarvöld torvelað starfræksluna á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hana nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint eða óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að sveitarstjórn geti hvenær sem er leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og starfræksluna, þar á meðal rekstrartap þeirra.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 5. apríl 1948 um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nokkrum sveitarfélögum hér á landi er nú verið að undirbúa hitaveitur, sem ætlað er að selja heitt vatn til margvíslegrar notkunar íbúum sveitarfélagsins. Þess hefur verið leitað af fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga, að ráðuneytið staðfesti reglugerðir og gjaldskrár fyrir slíkar hitaveitur, en því hefur orðið að synja vegna þess, að engin heildarlög um hitaveitur eru til. Lög nr. 38/1940 um hitaveitu Reykjavíkur ná aðeins til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Þá eru og til lög um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði (nr. 47/1948), en þau lög hafa enn ekki komið til framkvæmda.

Þar sem ráðuneytið lítur svo á, að því verði ekki lengur slegið á frest að setja heildarlög um hitaveitur hér á landi, hefur það látið taka saman frumvarp þetta, sem

að mestu er sniðið eftir fyrrnefndum lögum um hitaveitu í Reykjavík, lögum um raforkuvirki, nr. 83 23. júní 1932, lögum um vatnsveitur, vatnalögum o. fl.

Samkvæmt frumvarpi þessu er sveitarstjórnnum veittur einkaréttur til að stofnsetja og starfrækja hitaveitur í umdæmum sínum á svipaðan hátt og bæjarstjórn Reykjavíkur hefur haft samkvæmt lögum nr. 38/1940 í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Einkaréttur þessi er framseljanlegur bæði einstökum mönnum og félögum, og skal þá gjald fyrir heitt vatn til notenda ákveðið í gjaldskrá, er hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Þá er og mælt fyrir um, með hverjum hætti sveitarstjórn, sem vill fá hitaveitu handa umdæmi sínu, er einstaklingar eða félög eiga, getur tekið veituna og allt, er henni fylgir, eignarnámi, ef samkomulag næst ekki um afhendingu hennar. Sveitarstjórnnum, sem ákveðið hafa að starfrækja hitaveitur í umdæmum sínum og leitt hafa heitt vatn frá jarðhitasvæði í því skyni, er veitt heimild til að banna, að þau hús innan umdæmisins, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni, og er það í samræmi við tilsvarendi ákvæði í lögum um hitaveitu í Reykjavík. Þá ber og sveitarstjórn að sjá um lagningu heimæða, en húseigendum ber að greiða kostnaðinn við lagninguna eftir gjaldskrá. Enn fremur er ákveðið, að heimæðarnar verði eign hitaveitunnar, sem sjái um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu. Fyrirkomulag þetta hefur þótt gefa góða raun í Reykjavík, en þar var það lögfest með lögum um hitaveitu Reykjavíkur.

Sveitarstjórn er í frumvarpinu veittur réttur til að löggilda menn til lagningar hitaveituaða í umdæmi þeirra. Gert er ráð fyrir, að hitaveitur selji vatn samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Tekin eru upp ákvæði um skyldu jarð- og lóðareigenda svo og lóðarleigjenda til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til hlutaðeigandi umdæmis og um það. Loks eru ákvæði varðandi tryggingar á skuldbindinum, sem sveitarstjórn kann að taka á sig með samþykki ráðherra í því skyni, að lögð verði hitaveita til umdæmisins, sem og til tryggingar lánnum, sem sveitarstjórn kann síðar að taka vegna hitaveituframkvæmda eða starfrækslu veitunnar.

Lögtaksréttur er látinn fylgja gjöldum samkvæmt lögunum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Rétt þykir að láta lög in um hitaveitu Reykjavíkur gilda áfram, en að nema lög in um hitaafstöð og hitaveitu á Ísafirði úr gildi.

Þar sem engin heildarlög um hitaveitur hafa hingað til verið til hér á landi, er frumvarp þetta að sjálfsögðu frumsmíð, sem stendur til bóta og líklegt er, að þurfi að endurskoða áður en langt um líður. Þess má að lokum geta, að ekki eru tekin upp í frumvarpið nein ákvæði um fjárhagslega aðstoð ríkisvaldsins við að koma hitaveitum á fót, enda hefur slíks stuðnings ekki verið leitað, þegar undanskilin er hitaveita Reykjavíkur. Ekki þykir ástæða til að láta sérstakar skýringar fylgja hinum einstöku greinum frumvarpsins.